

1. fundur veitustjórnar haldinn þriðjudaginn 14. júní 2022 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 17:15.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Ragnhildur S. Eypórsdóttir sem varamaður Bjarneyjar Vignisdóttur, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Sigurjón Snær byrjaði á því að bjóða nýja veitustjórn velkomna til starfa og fór yfir verkefni nefndarinnar. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Kynning á starfi nefndarinnar.

Veitustjóri og sveitarstjóri fóru yfir störf nefndarinnar og verklag tengt störfum hennar. Reglugerð vegna Hitaveitu Flúða og nágreinnis kynnt. Farið yfir gögn fyrir fundi og notkun á skýjalausn.

2. Önnur mál.

Hannibal og Jón fóru yfir stöðu framkvæmda sem tengjast veitustjórn.

Veitustjórn samþykkir að aðalfundartími veitustjórnar verði síðasta þriðjudag hvers mánaðar kl. 16:30. Fundargögn fyrir veitustjórn verði vistuð á skýinu fyrir aðal- og varamenn.

Næsti fundur er áætlaður 9. ágúst nk.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:25.